

217. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn miðvikudaginn 17. október 2018, kl. 13:00 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Óttar Bragi Þráinsson, Eyrún M. Stefánsdóttur, Róbert Aron Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að tekinn verði inn nýr dagskrárliður sem verði nr. 4. b. Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022

- a. Leikskólinn Álfaborg, Lieselot Simoen, leikskólastjóri, kom inn á fundinn og fór yfir fyrstu drög að áætlun 2019.
- b. Fjármála- og stjórnsýsluvið, Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, fór yfir fyrstu drög að áætlun 2019.
- c. Framkvæmda- og veitusvið, Bjarni D. Daníelsson, sviðsstjóri, kom inn á fundinn og fór yfir fyrstu drög að áætlun 2019, auk þess sem rætt var um fjárfestingaráætlun.

2. Fundargerðir til staðfestingar:

- a. Fundargerð 2. fundar skólanefndar, haldinn 9. október 2018, ásamt erindi Hilmar Ragnarssonar og Elfu Bjarkar Kristjánsdóttur, dags. 11. október, sem lagt verður fram undir 6. lið fundargerðar skólanefndar.
Liður 6, Málefni Álfaborgar, staða starfsmannamála. Skólanefnd leggur til, í ljósi aðstæðna, að opnunartími Álfaborgar verði stytur um eina klukkustund og leikskólinn loki kl. 16:00 í stað 17:00. Erindi Hilmar Ragnarssonar og Elfu Bjarkar Kristjánsdóttur var lagt fram, en þar er lagst gegn styttingu opnunartíma. Sveitarstjórn samþykkir að stytta opnunartíma frá og með 1. desember n.k. þannig að leikskólinn Álfaborg loki kl. 16. Ákvörðun þessi er tekin þar sem ekki tekst að fá starfsfólk til að vinna milli kl. 16 og 17. Ákvörðun þessi verði endurskoðuð fyrir næsta skólaár.

3. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

4. Innsend bréf og erindi:

- a. Beiðni Guðmundar Valssonar, dags. 15. október 2018, um rökstuðning vegna synjunar sveitarstjórnar á beiðni um aðalskipulagsbreytingu varðandi 26,5 hektara malarnámu í landi Apavatns. Lögð var fram tillaga að rökstuðningi, sem sveitarstjórn samþykkir og felur sveitarstjóra að senda Guðmundi.
- b. Beiðni nemenda og kennarar við Bláskógaskóla á Laugarvatni, dags. 2. október 2018, um leyfi til að hanna og gera hjólabraut við skólann. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og heimilar að hönnuð verði og gerð hjólabraut á svæðinu og felur sviðstjóra framkvæmda- og veitusviðs að aðstoða við verkefnið.

Fundi slitið kl.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Eyrún Margrét Stefánsdóttir

Guðrún S. Magnúsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Róbert Aron Pálmason

Ásta Stefánsdóttir